

Utanríkismálanefnd Alþingis

Reykjavík, 30. september 2016

Með vísan til þingsályktunartillögu um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu, 145. Löggjafarþing 2015-2016, Þingskjal 1419 – 804. mál, vill Isavia ohf. (hér eftir nefnt Isavia) koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hvað varðar hagsmuni Isavia að hugsanlegri aðild að Geimvísindastofnun Evrópu (ESA) þá liggja þeir helst á sviði flugleiðsögu. Þar veða þyngst hugsanlegir hagsmunir af notkun svokallaðs EGNOS kerfis sem þróað var af ESA í samvinnu við Eurocontrol.

Að mati Isavia býður EGNOS kerfið uppá mikla framtíðarmöguleika varðandi notkun gervihnattatækni í flugleiðsögu. Hins vegar er þjónustusvæði kerfisins á Íslandi takmarkað og því ekki raunhæfir möguleikar á að nýta kosti kerfisins nema þjónustusvæðið verði útvíkkað, t.d. með því að setja niður svokallaðar RIMS jarðstöðvar vestur af landinu (Grænlandi).

Fyrir liggur að árlegur kostnaður aðildar hleypur á tugum milljóna króna og getur jafnvel orðið hátt í þrjú hundruð milljónir á ári miðað við miðgildi kostnaðar þeirra þjóða sem eru aðilar að stofnuninni (sbr. fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar). Isavia hefur ekki upplýsingar um að til standi að stækka þjónustusvæði EGNOS kerfisins. Að mati félagsins er að auki engin trygging eða vissa fyrir því að aðild að stofnuninni verði til þess að þjónustusvæði kerfisins verði stækkað.

Miðað við framangreint getur Isavia því ekki mælt með því sótt verði um aðild að ESA að óbreyttu.

Verði niðurstaðan engu að síður sú að ákveðið verði að sækjast eftir aðild að ESA telur Isavia það nauðsynlegt að mikil áhersla verði lögð á það af hálfu Íslands að útvíkka þjónustusvæði EGNOS kerfisins þannig að það geti nýst hér á landi.

Virðingarfyllt,  
F.h. Isavia ohf.

Hafdís Perla Hafsteinsdóttir hdl.